

## 5. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 28. október 2014, kl. 19:30

Á fundinn mættu Arnar Ólafsson, formaður, Kristín Ívarsdóttir, ritari, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri Kristinn Arason, meðstjórnandi, Einar Ólafsson, varaformaður, Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri FSÍ, Sólveig Jónsstjóri, sviðsstjóri FSÍ, Olga Bjarnadóttir, formaður tækninefndar hópfimleika, Hlín Bjarnadóttir, formaður fræðslunefndar og Sæunn Viggósdóttir, nefndarmaður tækninefndar fimleika fyrir alla .

Fundurinn fór fram á 3. hæð ÍSÍ.

### 1. Evrópumót í hópfimleikum

Rætt um Evrópumótið og hvernig það gekk. Eigum eftir að klára uppgjör, jafnframt eigum við eftir að ganga frá ýmsum greiðslum sem og að rukka inn.

Þurfum núna að fara ræða við alla styrktaraðilana og heyra í þeim varðandi áframhaldandi samstarf. Þarf að halda betur utan um boðsmiða til formanna o.s.frv. Haft var samband við alla formenn og þeim gefnir boðsmiðar. Ef einhverjir hafa ekki fengið þá var ekki hægt að ná sambandi við viðkomandi, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Þurfum samt sem áður að halda betur um boðsmiðana og bjóða með meiri fyrirvara.

Rætt um slysin sem áttu sér stað, nokkur alvarleg tilvik. Öll slys talin, þarf að bæta þjálfun á ákveðnu stigi ef fólk er farið út í erfiðari æfingar skv. Hlín. Kristín mun skila til okkar skýrslu sem við munum þýða yfir á ensku og senda út. Koma þarf með tillögur um hvað hægt er að gera svo þetta endurtaki sig ekki. Við á Íslandi kennum þetta hér, prevention kennsla sem komin er frá FIG. Á þessu móti voru 8 alvarleg slys, þó ekki nema 1 atvik á móti 1.562 stökkum.

Rætt um hversu flott setningarathöfnin var. Allir í skýjunum yfir henni. LOC nefnd og allir sjálfboðar stóðu sig einstaklega vel, án sjálfboðaliðanna hefði þetta aldrei gengið. Sjónvarpsfólkið okkar einstaklega flott, þær Hlín, Íris og Kristín.

**Allir sammála um að mótið hafi staðið undir sér og að við megum vera stolt.**

### 2. Kostnaður yfirdómara þegar farið er út á land

Mótin okkar eru að stækka, stórmót og mikilvægt að það sé alltaf yfirdómari sem tekur á móti gögnum FSÍ og fylgist með því að mótið fari eðlilega fram og á ábyrgð FSÍ. Oft er það þannig þó að yfirdómari dæmir fyrir eitthvað félag. 3-4 mót á ári sem farið er út á land, líkt og núna þegar farið verður á Akureyri, fullmikil ábyrgð að setja hana eina yfir mótið. Tækninefndir telja það ekki sanngjarnt að félögin séu að greiða kostnaðinn alfarið af yfirdómurum. Stundum þyrfti FSÍ kannski að senda þennan aðila í stað félagsins. Ein manneskja yfir daginn eða alla helgina. Hægt væri að skipta kostnaðinum t.d. í tvennt, þannig að félagið tæki helming á móti FSÍ.

Það var stofnuð dómara nefnd sem átti að setja upp drög að þessu. Dómara nefndin hefur ekki náð að skila af sér nákvæmlega hvernig þessu ætti að vera háttað.

Rætt um að þetta sérstaka atriði sé bara smáatriði af því sem dómara nefndin fjallaði um. Þetta mál er þriggja ára gamalt og væri gott að fá svar við því núna. Hér er verið að tala um ferðakostnað og gistingu.

Rætt var um „hvað er út á landi“ í þessari skilgreiningu? Þó við eigum í raun bara yfirdómara á höfuðborgarsvæðinu þá er framtíðin hugsanlega önnur. Ef t.d. Akureyri eða Egilsstaðir væru með yfirdómara þá eru þetta orðin mun fleiri mót en 3-4 á ári.

Flækjustigin eru mörg. Hugmyndir voru felldar á formannafundi. Verkefnið átti að halda áfram sem var svo ekki gert. Nú þarf að klára dæmið og fara með það á formannafund.

En við erum ekki að ræða þetta núna, við erum að tala um þetta einstaka dæmi. Sumir eru á því að við eigum að taka þetta í heildardómaramálinu. Rætt var um af hverju það sitja svona margir dómaraþegar farið er upp í 4. – 5. þrep. Á þessu tiltekna móti eru ekki nema 3 sem dæma hvert áhald kvennamegin.

Dómaragjöldin þurfa að hækka, þar sem að mótin sjálf þurfa að standa undir öllum kostnaði.

**Samþykkt að FSÍ greiðir ferðarkostnað (ÍSÍ fargjald) fyrir 6 aðila á ári (4 áhaldamegin og 2 hópfimleikamegin). Skilyrði er að haft sé samband við skrifstofu áður en farið er út í að greiða kostnað vegna ferðar, skrifstofa þarf að halda utan um þetta alfarið.**

### 3. Námskeið og mótahald

Undanfarið hafa verið mörg námskeið, alveg frá því að haustið byrjaði. Við þyrftum að vera virkari í að senda inn fréttir inn á heimasíðu og Facebook, nú eru margir sem eru staddir á öllum atburðum með aðgang.

Það sem er ábótavant:

- Vantar að senda út auglýsingu vegna móttökunámskeiðs 1 og námskeiðs vegna Daniel Bay.
- Laga þarf fræðsludagskrá og senda hana út á félögin.

Annað:

- Fræðslukvöld um mótahald. Fá fræðslu og kennslu um Sport Event. Kristinn ætlar í málið. Fræðslukvöld þarf að vera í nóvember, þriðjudag á móti stjórnarfundum.
- FSÍ mun mæta á öll mót, sérstaklega þau fyrstu til að kenna hverju félagi fyrir sig á nýja mótakerfið.

**Ákveða þarf nákvæma dagsetningu fyrir fræðslukvöldið og senda þarf út auglýsingar vegna móttökunámskeiðs og Daniel Bay strax á morgun. Jafnframt þarf að laga fræðsludagskrána og senda hana út. Skrifstofa fer í verkefnið.**

### 4. Önnur mál

- a. Styrktaraðilar FSÍ
  - i. Búið að ganga frá samningi við Subway.

**Fundi lokið kl. 21:30.**